

Verkefni á sveinsprófi í bakaraiðn, maí 2025

Sveinsprófið skiptist í munnlegt fagpróf og verklegt próf.

Munnlegt próf fer fram 12. Maí 2025

Sveinspróf fer fram dagana 26.-29. Maí 2025.

Verklegaprófið eru 10 tímar deilt yfir 2 daga, 4 tíma fyrri daginn og 6 tíma seinni daginn. Öllum vörum skal skilað á seinni prófdegi og vera búin að stilla vörunum upp á sýningarborði.

Skylduverkefni:

1. Baka skal 12 matbrauð úr tveimur deigtegundum þar af ein gróf sem skal innihalda að lágmarki 20% heilkorn eða fræ. Brauðin eiga að vera 550 til 650 gr fyrir bakstur.
2. Baka skal smábrauð, 30 fín og 30 gróf úr tveimur deigtegundum (sér deigtegundum frá brauði). Brauðin skulu vera 60 til 80g eftir bakstur.
3. Próftaki lagar vinarbrauðsdeig/croissantdeig og bakar þrjár tegundir, 12 stk af hverri tegund (ef það eru stór stykki þá 4 stk af hverju).
 - a. Það má koma með fyllingar, sykurvatn og eggjastrau fyrir þennan lið.
4. Próftaki lagar blautdeig 3000 gr. og bakar minnst þrjár tegundir.
 - a. Það má koma með fyllingar, sykurvatn og eggjastrau fyrir þennan lið.
5. Próftaki þarf að laga 6 stk af formköku eftir uppskrift sem útdeilt er af sveinsprófsnefnd þegar munnlegu prófi hefur verið náð. (Nánari leiðbeiningar koma fram í uppskrift).
6. Laga skal kransaköku á prófinu, hver próftaki fær 700g kransa xx og býr til massa út úr því.

Próftaki þarf að gæta að samhengi á milli stærða í framleiðslunni. Að loknu munnleguprófi dregur próftaki þrjú verkefni. Verkefnin eru:

1. Óseytt rúgbrauð
2. Baguette – snittubrauð með fordeigi eða poolish
3. Smjördeig/butterdeig
4. Þeytt rúlluterta
5. Hrærð rúlluterta
6. Hnoðuð lagterta
7. Ömmusnúða – kanilsnúða
8. Makkarónur, makkarónubotn
9. Svampbotn
10. Tebollur
11. Klattakökur
12. Laga frámas frá grunni
13. Marengs
14. Vatnsdeig
15. Berlínarbollur
16. Kleinur
17. Íslenska snúða
18. Marsipan terta / rjómaterta
19. Kleinhringi
20. Marsipan stykki

HREINLÆTI, FRÁGANGUR OG MAPPA, VÆGI 10%

Próftaki leggur fram möppu með uppskriftum og lýsingu á þeim verkefnum sem hann tekur fyrir í prófinu. Gefin er einkunn fyrir snyrtimennsku og umgengni á vinnustað, innan próftíma skal klára þrif á vinnustöð. Próftaki stillir upp verkefni sínu og leggur til alla „leikmuni“. Borð er metið með tilliti til verkefna próftakans, frumleika, samsetninga og söluvænleika. Borðið 1,3x1,8 má innihalda eftirfarandi:

- Vínflöskur
- Borðbúnað
- Ávexti, blóm, grænmeti
- Dúk
- Servíettur

VINNUHRAÐI, VÆGI 10%.

Gefin er einkunn fyrir vinnuhraða í öllum verkefnum. Fari próftaki 15 mínútur fram yfir skilgreindan prófatíma (10 klukkustundir) telst viðkomandi fallinn á prófi.

Verlegt próf vegur 90% af heildareinkunn, þar af gildir vinnuhraði 10%. Vinnuhraði er metinn í lok prófsins. Próftaki missir 2,5 af einkun vinnuhraða fyrir hverjar 5 min sem líða af prófinu. Próftaki sem fer 15 mínútur fram yfir próftímamann telst fallinn á sveinsprófi

EINKUNNAGJÖF

| | |
|------------------------------|-----------------------------|
| Einkunn 10 vísar til þess að | 95% - 100% markmiða var náð |
| Einkunn 9 vísar til þess að | 85% - 94% markmiða var náð |
| Einkunn 8 vísar til þess að | 75% - 84% markmiða var náð |
| Einkunn 7 vísar til þess að | 65% - 74% markmiða var náð |
| Einkunn 6 vísar til þess að | 55% - 64% markmiða var náð |
| Einkunn 5 vísar til þess að | 45% - 54% markmiða var náð |
| Einkunn 4 vísar til þess að | 35% - 44% markmiða var náð |
| Einkunn 3 vísar til þess að | 25% - 34% markmiða var náð |
| Einkunn 2 vísar til þess að | 15% - 24% markmiða var náð |
| Einkunn 1 vísar til þess að | 0% - 14% markmiða var náð |

SKIL Á EINKUNNUM OG PRÓFSÝNING

Formenn sveinsprófsnefnda skila einkunnum á sveinsprófi til IÐUNNAR ekki seinna en tíu dögum eftir að sveinsprófi lýkur. Próftakar fá niðurstöður sveinsprófa, sveinsbréfabókina, afhenta eigi síðar en 4 vikum eftir að prófið hefur verið haldið. Prófsýning fer fram að loknum seinnasta prófadegi kl 17:00-18:00. Þegar prófsýningu lýkur ber próftaki ábyrgð á að ganga frá vörunum eftir sig og losa þær út á umhverfisvænan máta ef hægt er (fellur inn í heildareinkunn).

Það er í lagi að breyta og laga uppstillingu á borði fyrir prófsýningu eftir að borðið hefur verið er dæmt. Á prófsýningu gefst nemandi færi á að spyrja prófnefndina nánar út í einstök verkefni. Próftaki fær ekki lokaekunn en er upplýstur um styrkleika og veikleika við úrlausn verkefna. Eins er hann upplýstur um það hvort hann hafi staðist próf eða ekki.

Sveinsprófsnefnd ber ábyrgð á að sveinsprófsverkefni sé varðveitt með ákveðnum hætti, s.s. eins og með mynd eða öðrum sannanlegum hætti. Skriflegum úrlausnum er eytt á tryggilegan hátt að þeim tíma liðnum og er sveinsprófsnefnd ábyrg fyrir þeirri framkvæmd. Um meðferð kærumála er að ræða gilda reglugerð nr. 698/2009 um sveinspróf. Ekki verða veittar upplýsingar um gengi próftaka í prófinu í síma, munnlega eða eftir öðrum leiðum fyrir þann tíma.

ALMENNAR REGLUR

- Próftaki skal mæta til prófs á réttum tíma. Minnst 15 mín. fyrir próf.
- Þurfi próftaki að yfirgefa prófsvæðið á meðan prófi stendur skal það gert í samráði við prófdómara.
- Ef próftaki mætir 15 mín. of seint í próf getur hann átt á hættu að vera vísað frá prófi.
- Próftaki skal mæta til prófs í hreinum vinnufötum. Vinnuföt eru buxur, jakki, svunta, húfa og hreinir lokaðir vinnuskór.
- Próftakar fá leyfi á að koma með sín eigin verkfæri ásamt því að fá að nota allan búnað og verkfæri á staðnum.
- Leyfilegt er að nota hjálparefni ef það er ekki yfir 4% af mjölþyngd. Brauð mix og köku mix eru ekki leyfð.
- Ef um veikindi er að ræða í verklegu prófi verður viðkomandi sveinsprófstaki að bíða þar til næsta próf verður í boði. Sjúkrapróf er í boði fyrir munnlegt próf þrem dögum eftir auglýst próf.
- Ef staðfesting er frá viðkomandi framhaldsskóla um námsörðugleika fær sveinsprófstaki viðbótartíma. Hámark 30 mín. með undantekningum.
- Ef próftaki er haldinn ákveðnum prófkvíða skal hafa samband við náms- og starfsráðgjafa hjá IÐUNNI fræðslusetri við skráningu í sveinspróf.
- Próftaki er á ábyrgð meistara síns sem ber að undirbúa hann fyrir prófið og prófverkefni. Verði augljós misbrestur á því áskilur sveinsprófsnefnd í bakaraíð sér rétt til þess að tilkynna slíkt til nemaleyfisnefndar í bakaraíð með óskum um viðeigandi aðgerðir.